

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	30.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Bárðarson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram fjögur frávik er varða varnir gegn mengun jarðvegs, geymslu spilliefna og árekstravarnir við olúgeyma og úrvinnslu ökutækja. Frá eftirliti 2020 eru opin þrjú frávik er varða urðun á lífrænum úrgangi og urðun á almennum úrgangi án heimilda, og geymslu úr sér genginna ökutækja.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór óboðað eftirlit á urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu vegna útistandandi frávíka og ábendingar um urðun úrgangs sem ekki er í samræmi við heimildir starfsleyfisins. Eftirlitið fólst í skoðunarferð um urðunarstaðinn.

Eins og staðan er í dag er einungis heimilt að urða óvirkan úrgang á urðunarstaðnum. Heimilt er að urða lífrænan úrgang að uppfylltum skilyrðum um viðeigandi mengunarvarnir en slíkar mengunarvarnir eru ekki til staðar á urðunarstaðnum.

Gengið var um urðunarstaðinn. Á plani við móttökustöðina voru spilliefni geymd óvarin á plani við akstursleið. Töluvert var af ökutækjum utan malbikaðs plans sem og að verið var að pressa ökutæki utan malbikas plans til að undirbúa þau fyrir flutning. Þá kom fram að rekstraraðili fjarlægir rafgeyma og tappar olíu af ökutækjum áður en þau eru pressuð fyrir flutning en slíkt flokkast sem úrvinnsla ökutækja og meðhöndlun spilliefna og er ekki heimild fyrir í starfsleyfi. Við eftirlit voru opnar tvær gryfjur, önnur fyrir lífrænan úrgang og hin fyrir almennan úrgang.

Við eftirlit var staðfest að úrbótum er ekki lokið vegna þriggja frávíka er fram komu í eftirliti 2020 er varða urðun á lífrænum úrgangi, urðun á almennum úrgangi og geymslu úr sér genginna ökutækja utan malbikaðs plans. Rekstraraðili hefur ekki lokið úrbótum vegna þessara frávíka þrátt fyrir að hafa lagt fram ítrekaðar úrbótaáætlunar vegna þeirra. Í eftirliti nú komu fram fjögur frávik er varða varnir gegn mengun jarðvegs, geymslu spilliefna og árekstravarnir við olúgeyma og úrvinnslu ökutækja.

Frávik frá	Lýsing á frávik
2. mgr. gr. 2.6 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun. Niðurrif ökutækja fer fram á ómalbikuðu undirlagi og mikið af bílhlutum sem grafast í jarðveginn á staðnum.
gr. 2.7 í starfsleyfi	Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúefnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið. Úrgangsolúgeymir er staðsettur við akstursleið og er án árekstravarna.
gr. 4.2 í starfsleyfi	Geymsla spilliefna er ekki í samræmi við gr. 4.2 í starfsleyfi. Við eftirlit var töluvert af ílátum með spilliefnum, m.a. fötur, bambar o. þ.h. ásamt úrgangsolúgeymi staðsett á planinu við akstursleiðir. Þessi spilliefni voru ekki geymd í lokanlegum lekaheldum kerjum eins og starfsleyfið kveður á um.
6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og	Úrvinnsla ökutækja er starfsleyfis skyld starfsemi, sbr. IV. viðauka

mengunarvarnir, sbr. og rg. 202/2008 um úrvinnslu ökutækja

laga 7/1998. Á móttökustöðinni fer fram úrvinnsla ökutækja án starfsleyfis og ekki í samræmi við 6. gr. rg. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að geymsla lagers af raflínukeflum á urðunarstaðnum samræmist ekki starfsemi urðunarstaðarins og er ekki í samræmi við skipulag. Urðunarstaður er skilgreindur í 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Sigríður Magnúsdóttir

